

Alþingi  
Erindi nr. P 125/2045  
komudagur 4.5.2000

Frá Friðrik Aspelund og Sigvalda Ásgeirssyni, skógfræðingum á Hvanneyri.

Athugasemdir við frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Undirritaðir vilja gjarnan koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp um Mat á umhverfisáhrifum, sem umhverfisnefnd hefur til afgreiðslu. Það skal tekið fram að hér er um persónulegar skoðanir okkar að ræða. Athugasemdir okkar snúa að 2. viðauka frumvarpsins, en þar er í veigamiklum atriðum vikið frá ákvæðum tilskipunar 97/11/EB og þar með anda frumvarpsins að öðru leyti. Þetta frávik felst í því að skilyrða tilkynningaskyldu gagnvart Skipulagsstofnun við ákveðna landstærð í stað þess að miða tilkynningaskylduna við eðli hvers máls. Þessi leið skapar að okkar mati hættu á:

1. Geðþóttaafgreiðslu, þ.e. að allar tilkynningarskyldar framkvæmdir verði taldar svo umfangsmiklar að þær skuli í mat á umhverfisáhrifum.
2. Umhverfisspjöllum, þar sem það undir hælinn er lagt hvort fréttist af skaðlegum framkvæmdum, áður en óbætanlegt tjón hefur verið unnið (sé um að ræða framkvæmdir undir tilgreindum stærðarmörkum). Nýlegur dómur Hæstaréttar í máli Stjórnugríss gegn ríkinu, gefur ástæðu til að óttast, að þær framkvæmdir, sem ekki ná stærðarmörkum, gætu orðið undanþegnar mati í öllum tilvikum.

Sá er okkar skilningur á markmiðum tilskipunar Evrópubandalagsins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (97/11/EB) að henni sé ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum mannsins á umhverfi sitt, án þess þó að hamla að óþörfu þróun mannlegs samfélags. Í samræmi við þetta er þeim framkvæmdum, sem taldar eru geta valdið umtalsverðum umhverfisspjöllum, skipt í tvo flokka. Í hinum fyrri eru tiltaldar framkvæmdir, sem ávalt skulu teknar til mats á umhverfisáhrifum, enda mikil hættu talin á að þær muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif (þ.e. neikvæð óafturkræf áhrif á umhverfið, sbr. orðskýringar í 3. gr lið L í frumvarpinu). Í þeim síðari eru taldar upp framkvæmdir, sem gætu í sumum tilvikum haft slík áhrif, en hættan á neikvæðum áhrifum í flestum tilvikum svo lítil, að alla jafna þykir ekki ástæða til að íþyngja þeim með kostnaðarsömu matsferli. Í 3. viðauka eru talin upp atriði, sem höfð skulu til hliðsjónar, þegar ályktað er hvort ástæða sé til að krefjast þess, að framkvæmdaaðili láti met!  
a umhverfisáhrif.

Markmið lagafrumvarpsins og innihald viðaukanna virðast að mestu í góðu samræmi við áður nefnda tilskipun Evrópubandalagsins, sem lögunum er ætlað að framfylgja. Eini umtalsverði munurinn er að í viðauka 2 í frumvarpinu eru í mörgum tilfellum sett stærðarmörk þar sem engin eru í Evróputilskipuninni, án þess að rökstutt sé, hvers vegna talin er þörf á að setja slík mörk. Í annars yfirgripsmikilli greinargerð með frumvarpinu er aðeins sagt að „ef II. viðauki tilskipunarinnar væri tekinn upp óbreyttur í frumvarpinu hefði það í för með sér að framkvæmdaraðilar allra framkvæmda tilgreindra í viðaukanum bæri að tilkynna þær til Skipulagsstofnunar...“. Að okkar mati kemur ljóst fram í viðauka 3 að fleira en umfang framkvæmdar getur valdið neikvæðum umhverfisáhrifum. Í viðauka 2 virðast aðallega taldar upp framkvæmdir, þar sem

staðsetning fremur en umfang framkvæmdar er talin geta valdið alvarlegum umhverfisspjöllum. Þar af leiðandi er allt eins líklegt, að framkvæmdir, sem ekki ná s! tærðarmörkum frumvarpsins verði s

Okkar tillaga er sú að öllum stærðarmörkum verði sleppt úr viðauka 2 og að 2. málsgrein 6. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að tilkynningarskyldan verði til sveitarstjórnar eða umhverfisnefndar sveitarfélags. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að í nágrannalöndum okkar mun vera algengast, að sveitarstjórnir hafi umsjón með framkvæmd laga um Mat á umhverfisáhrifum.

Að lokum viljum við koma að athugasemd varðandi ruðning á náttúrulegum skógi. Í frumvarpinu segir í viðauka 2, 1. lið d. „...og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum. Samkvæmt II. kafla laga um skógrækt og skógvernd nr. 3, 1955 njóta skógar og kjarr sérstakrar og afar víðtækrar verndar. Þar segir til dæmis í 6. grein: „Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.“ Náttúruleg skóglendi ættu því tvímælalaust að vera talin upp meðal verndarsvæða og þar með væru allar framkvæmdir í þeim tilkynningarskyldar, án tillits til stærðar framkvæmda.

Virðingarfyllst, 27. apríl 2000,

Friðrik Ásþelund,  
Sigvaldi Ásgeirsson.